

Kynjajafnrétti - Gátlisti fyrir frístundamiðstöðvar



Starfsfólk og samskipti

- Er börnum og unglingum heilsað og þau kvödd á sama hátt óháð kyni?
- Er börnum og unglingum hrósað jafn oft fyrir útlit og klæðnað óháð kyni?
- Notar starfsfólk fjölbreytt hrós til barna og unglunga?
- Á starfsfólk jafn oft í samræðum við stelpur og stráka?
- Er starfsfólk meðvitað um að það skilgreina sig ekki allir sem stelpu eða strák?
- Er talað við börn og unglunga sem einstaklinga í stað þess að þau séu tekin sem hópar út frá kynjum t.d. Stelpur þið megið fara þarna inn, strákar komið þið hingað?
- Eru börnin/unglingarnir reglulega hvött til að prófa eitthvað nýtt og stíga út fyrir þægindarammann?
- Eru börnin reglulega sett í kynjablandaða hópa?
- Ef staðalmyndir birtast í efni s.s. tölvuleikjum, myndböndum ofl. tekur starfsfólk sér tíma til að ræða það við börnin/unglingana og spyrja gagnrýnna spurninga?
- Er þess gætt að raddir allra fái að heyrast til jafns?
- Fá öll börn/unglingar jafn mikla hvatningu varðandi snyrtimennsku og tiltekt?
- Eru skýrar reglur varðandi framkomu og virðingu á frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni?
- Fá öll börn/unglingar þjálfun í að tjá sig um tilfinningar sínar og líðan? Er unnið markvisst með tilfinningalæsi?
- Er öllu ofbeldi hafnað á starfsstaðnum?
- Fá börn/unglingar sem beita ofbeldi þjálfun í að leysa ágreining á annan hátt?
- Er unnið með og talað um snertingu og persónuleg mörk?
- Er unnið með frelsi barna og unglunga til að velja og hafna snertingu?
- Eru notuð rétt orð yfir kynfæri, s.s. typpi og píka?
- Talar starfsfólk af virðingu við börn/unglinga og hvert annað?



Umhverfið

- Eru bleikir og bláir litir notaðir til jafns fyrir bæði/öll kyn?
- Hafa börn/unglingar aðgang að myndefni sem sýnir fólk í óhefðbundnum kynhlutverkum?
- Er starfsfólk af fleiri en einu kyni?
- Eru límmiðar, stimplar eða annað skraut hlutlaust og fjölbreytt fyrir öll börn?
- Eiga öll börn og unglingar jöfn tækifæri til að taka þátt í viðburðum óháð kyni?
- Fá börn og unglingar margvísleg og fjölbreytt verkefni til að leysa óháð kyni?
- Fá öll börn og unglingar jafnréttisfræðslu og kynfræðslu reglulega?
- Er rætt við unglunga um muninn á kynlífi og klámi?
- Er boðið upp á fræðslu um hinsegin málefni?



Leikföng og aðbúnaður

- Eru leikföng kynjahlutlaus?
- Eru búningar kynjahlutlausir og lausir við staðalmyndir (s.s. prinsessukjólur og ofurhetjubúningar)?
- Höfðar leikefni og aðbúnaður til fjölbreytts barna- og unglingahóps?
- Býður húsbúnaður og aðstaða upp á fjölbreytt starf?

- Er starfsfólk meðvitað um þær staðalmyndir sem birtast reglulega í barnabókum s.s. heimavinnandi mæður, fjarverandi feður, blíðar og sætar stúlkur og óþekkir ævintýragjarnir drengir?
- Er starfsfólk meðvitað um þær staðalmyndir sem birtast reglulega í dægurefni s.s. kvikmyndum, þáttum, tölvuleikjum o.s.fv. t.d. birtingarmyndir kvenleika og karlmennsku?
- Er markvisst unnið með uppbrot á staðalmyndum?
- Á starfsstaðurinn námsefni/dægurefni sem sýnir fjölbreytileika t.d. fólk með fötlun, fólk með ólíka líkamsgerð, fólk af erlendum uppruna, fjölbreytt fjölskyldumynstur?



Annað

- _____
- _____
- _____



Hvað gerum við vel?



Hvað viljum við gera betur?



Athugasemdir
